

Ísfélag Vestmannaeyja - Þórshöfn
Eyrarvegi 16
680 Þórshöfn

Egilsstaðir, 3.7.2024
UST202401-328/F.Æ.
08.10.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 23. maí 2024 - Ísfélag hf., Þórshöfn, ID 85

Þann 23. maí sl. fór fram reglubundið eftirlit í fiskimjölsverksmiðju Ísfélags hf. á Þórshöfn. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Ekkert frávik var opið þegar eftirlitið fór fram.

Tvær ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varða:

1. Þar sem mælingar á efnainnihaldi frárennslis hafa undanfarin ár verið gerðar á síldar- og loðnuvertíðum er farið fram á að mælingar verði næst gerðar á makrílvertíð.
2. Uppfæra og endurskoða þarf þær áætlanir sem samkvæmt starfsleyfi eru kröfur um að séu til staðar.

Eitt frávik kom fram er varða:

1. Gr. 2.24 í starfsleyfi. Við geymslu efna skal takmarka mengunarhættu eins og kostur er. Mengunarhættan felst annars vegar í því að efni komist í niðurfall og hins vegar í því að hættulegar gastegundir myndist við blöndun saltsýru og sóða.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindu frávik í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 14. ágúst 2024.

Virðingarfyllst

Freyr Ævarsson
sérfræðingur

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur